



Ágæti þátttakandi/forráðamaður

Velkomin(n) á Pollamót Pórs og Samskipa.

Með þessu bréfi og innihaldi umslagsins viljum við í mótsstjórninni leitast við að bæta umgjörð og framkvæmd mótsins. Þess ber þó að geta að það sem hér fylgir á pappír er að sjálfsögðu einnig aðgengilegt á pollamot.is og Facebook-síðu Pollamóts Samskipa.

Breytt skráningar- og greiðsluferli hefur nú þegar sannað sig að okkar mati, sem til dæmis má sjá í því að hér færð þú afhent armbönd fyrir alla leikmenn sem skráðir eru í þitt lið. Engin biðröð til að borga og/eða sækja armband á síðustu stundu.

Þetta hefur einnig þýtt að þau sem vilja koma á Pollamótið þurfa e.t.v. að ákveða sig og skipuleggja með örlítið meiri fyrirvara en stundum hefur verið hjá hluta þátttakenda. Það ætti að koma öllum til góðs þegar upp er staðið og til lengri tíma litið.

Leikgleðin í fyrirrúmi

Við hvetjum þátttakendur til að hafa leikgleðina í fyrirrúmi, ganga fram af sanngirni og tillitssemi, virða reglur og sýna öllum þátttakendum leiksins virðingu. Pollamótið er fyrst og fremst hugsað sem skemmtileg knattspyrnuveisla þar sem fólk á ýmsum aldri og í misjafnlega góðu formi fær að njóta þess að spila leikinn sem við elskum. En jú, þetta er líka keppni og veitt verðlaun fyrir sigur, en ekki gleyma að njóta þess að vera til og hafa gaman af leiknum sjálfum. Látið kappið og keppnisskapið ekki skemma fyrir ykkur gleðina.

Gerum okkar besta

Við gerum fyrir fram ráð fyrir því að dómara muni gera mistök, eins og væntanlega flestir leikmenn á mótinu. Við gerum líka ráð fyrir að leikmenn beggja liða verði ekki alltaf sammála um ákvarðanir dómara, hvort sem þær eru rangar eða réttar. Við notum hvorki myndbandadómgæslu né markalínutækni á Pollamótinu og getum því ekki leiðrétt „augljós mistök“. Það eina sem við getum gert er að lofa því að við gerum okkar besta til að setja hæfa dómara á alla leiki og dómara - sjálfbóðaliðar úr röðum félagsins - gera sitt besta til að dæma eins vel og eins rétt og þeim er kostur. Meiru getum við ekki lofað.

Berum virðingu fyrir öllum þátttakendum leiksins, munum að njóta þess að spila leikinn sem við elskum.

Góða skemmtun!

Pollamótsnefndin.

Kynnum okkur reglurnar

Við hvetjum forráðamenn og leikmenn til að kynna sér reglur mótsins, en hér er útdráttur úr reglunum og nokkrar ábendingar. Reglurnar má finna á pollamot.is/reglur og svo gilda auðvitað almennar knattspyrnureglur nema annað sé tekið fram.

- **Leiktími:** 2 x 12 mínútur, leikhlé er tvær mínútur
- **Vítateigur:** 10 m frá marklínu og 10 m út frá stöng, vítapunktur 8 m frá marklínu
- Bolti út af: **Innkast**
- Í stað markspyrnu (þegar bolti fer úr leik) skal taka **markkast**. Bannað er að spyrna eða spila sjálfur út.
- Ef markmaður hefur vald á bolta og hann fer ekki úr leik má hann kasta, sparka eða spila sjálfur – en verður að losa knöttinn úr höndum innan sex sekúndna.
- **Sending til markvarðar** (sbr. almennar reglur), bein aukaspyrna færð út á vítateigslínu. Allar aukaspyrnur í sjö manna bolta eru beinar.
- **Rennitæklingar eru bannaðar** – ef ætlunin er að vinna þannig boltann af andstæðingi eða farið er nálægt andstæðingi. Refsað með **aukaspyrnu, eða vítaspyrnu** ef það er gert inni í eigin teig. Ef andstæðingur er ekki nálægt má renna sér, til dæmis til að koma í veg fyrir að boltinn fari út af.
- **Vítaspyrnukeppni** er notuð ef jafntefli verður í leikjum þar sem verður að fá úrslit (útsláttur/úrslitaleikir). Þrjár spyrnur á lið og svo bráðabani ef þarf.
- **Einn fulltrúi frá hvoru liði** er beðinn um að yfirfara skráningu **markaskorara** með dómara strax að leik loknum til að koma í veg fyrir mistök við krýningu markadrottninga og -kónga.

Jafnframt minnum við á að óheimilt er að tveir einstaklingar nýti sama armbandidið.

Hver einstaklingur sem tekur þátt í mótinu þarf að vera skráður með sínu liði og greiðir fullt þátttökugjald, óháð því hvenær viðkomandi kemur inn í liðið.

Hver einstaklingur getur aðeins spilað með einu liði í mótinu.

